

Menntabúðir UT torgs 22. mars 2018



Staðsetning: **Stofa H-207 í húsnæði Menntavísindasviðs v/Stakkahlíð**

Hvenær: **Fimmtudaginn 22. mars kl. 16:15-18:00**

Samstarfsaðilar: **Upplýsingatæknitorg, Menntavísindasvið HÍ, RANNUM, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.**

Þemað að þessu sinni er einfalt eða upplýsingatækni í skólastarfi. Dagskráin er enn í mótun og ef þú hefur áhuga á að kynna eitthvað eða fá kynningu á einhverju skráðu það á Padlet töfluna á eftirfarandi slóð: https://padlet.com/uppltorg/menntab1_2018

Einnig getur þú séð dagskránnar þar.

Efirfarandi kynningar eru staðfestar:

Þemaverkefnið "Snjalli skólinn minn", spjaldtölvuteymi Setbergsskóla.

Skynjarar fyrir micro:bit, RaspberryPi, þjarkapróunarverkefni, Vísindasmiðja HÍ.

Námsflæði kerfið, Flow Education.

Kafteinninn, Fróði, Málfarimn og Prím, Costner.

Skráning fer fram á eftirfarandi slóð: <https://goo.gl/forms/uzE77Nu94dhQ7DGk2>

Sjá nánar í Smore
auglýsingu <https://www.smore.com/n7us3-menntab-ir-reykjav-k?ref=email>

Menntabúðir haust 2016

Á haustmisseri 2016 verða haldnar þrennar Menntabúðir um UT í námi og kennslu. Þær fara fram í stofu H-207 í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð. Tímasetningin er alltaf sú sama kl. **16:15-18:15**. Smelltu hér til að sjá Smore auglýsinguna.

Menntabúðir (e. EduCamp) er hagnýt og áhrifarík aðferð til starfsþróunar sem við höfum haldið undanfarin 3 ár. Aðferðin byggir á óformlegri jafningjafræðslu sem stuðlar að aukinni umræðu á milli skólastiga sem og eflingu tengslanets kennara. Þátttakendur miðla af eigin reynslu og þekkingu og afla sér fróðleiks frá öðrum. Menntabúðir eru ætlaðar starfandi kennurum á öllum skólastigum og kennaranemum.

Umfjöllunarefnið er opið, þátttakendur geta komið með uppástungur en einnig hefur verið vinsælt að koma með „vandamál“ og fá aðstoð við að leysa það. Það getur verið allt frá því að fá kennslu á ákveðið forrit yfir í að safna hugmyndum að námskeiði.

Þátttakendur eru beðnir um að koma með framlag í búðirnar. Framlög geta verið margbreytileg, t.d að segja frá kennsluhugmynd, vefsíðu, forriti, smáforriti, námskrárvinnu, varpa fram spurningu eða koma með eitthvað málefni sem þarfnast lausnar. Þátttaka er ókeypis en gert er ráð fyrir virkri þátttöku.

Smelltu á dagsetningarnar til að skrá þig á menntabúðirnar.

- 27. október – Forritun
- 24. nóvember – MakerSpaces
- 7. desember – Heimsókn í FabLab Reykjavík

Samstarfsaðilar: UT-torg, Reykjavíkurborg, Menntamiðja, Rannum og Menntavísindasvið HÍ.

Myndskeiðið hér fyrir neðan er tekið upp á menntabúðum 10. mars 2015.

Menntabúðir – haustmisseri 2014

Haustmisserið 2014 verða haldnar 5 menntabúðir um upplýsingatækni í námi og kennslu. Alltaf á sama tíma **kl. 16:15-18:15** í stofu H-207 í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð. Skráning er nauðsynleg, þú skráir þig með því að smella á dagsetningarnar hér fyrir neðan.

18. september:	Fartækni/snjalltækni
16. október:	eTwinning
30. október:	Sköpun
13. nóvember:	Vendikennsla
27. nóvember:	Opið hús/brot af því besta

Nútíma starfspróun

Menntabúðir er samkoma þar sem fólk kemur saman til þess að miðla af eigin reynslu og þekkingu og afla sér fróðleiks frá öðrum þátttakendum. Þær eru ætlaðar starfandi kennurum á öllum skólastigum og kennaranemum. Meginmarkmiðið er að skapa jafningjaumhverfi þar sem miðlun þekkingar og reynslu á sér stað.

Jafnframt fá þátttakendur tækifæri til að læra og prófa sig áfram með ýmis áhugaverð viðfangsefni. Menntabúðir stuðla að tengslamyndun og samvinnu fólks sem er að þreifa sig áfram með nýtingu nýrrar tækni og miðla í skólastarfi.

Þátttakendur geta fengið staðfesta viðurkenningu á endurmenntun frá Starfsþróun Menntavísindastofnunar HÍ. **Þátttaka er ókeypis** en gert er ráð fyrir virkri þátttöku. Þátttakendur eru beðnir að koma með framlag í búðirnar en ekki er ætlast til að allir komi með innlegg. Framlög geta verið margbreytileg, t.d. að segja frá kennsluhugmynd, vefsíðu, forriti, smáforriti, námsskrárvinnu, eða að varpa fram spurningum. Þátttakendur eru hvattir til að koma með fartæki (fartölvu, spjaldtölvu, snjallsíma,...) með sér og hægt verður að tengjast neti.

Samstarfsaðilar menntabúða eru:

UT-torg og Menntamiðja

Fagaðilar og framhaldsnemar í upplýsingatækni og miðlun,

Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM)

3f – félag um upplýsingatækni og menntun

Menntasmiðja

Auglýsingaplakat á PDF formi.

Myndirnar hérna fyrir neðan eru samansafn af menntabúðum skólaárið 2013-2014.



Menntabúðir 10.
apríl 2014






Umræður í lokin.



Umræður í lokin.



Google forrit í kennslu.



Skapandi
smáforrit í ipad.



eTwinning

símenntunarvinnustofa um forritun

eTwinning stendur fyrir símenntunarvinnustofu um forritun í Tallin dagana 25.-27. september. Vinnustofan er skipulögð af landskrifstofunni í Eistlandi og er ætluð grunnskólakennurum í öllum fögum (cross curricular).

Um er að ræða styrk fyrir 2 kennara, helst frá sama skóla og innifalið er ferðakostnaður, gisting og uppihald.

Umsóknarfresturinn er til og með 19. ágúst.
Smelltu hér ef þú hefur áhuga á að sækja um.

Múkk og múður menntabúðir

Fimmtudaginn 6. febrúar og þriðjudaginn 25. febrúar kl. 16-18 verða haldnar menntabúðir í stofu H-207 í aðalbyggingu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð. (Smelltu á dagsetningu til að skrá þig). Fyrir áramót voru haldnar þrennar menntabúðir sem mæltust mjög vel fyrir og var þátttaka góð. Þátttakendur komu víða að og eru dæmi um að nokkrir lögðu á sig allt að tveggja klukkustunda ferðalag. (Sjá smore auglýsingu)

Menntabúðir er samkoma þar sem fólk kemur saman til þess að miðla af eigin reynslu og þekkingu og afla sér fróðleiks frá öðrum þátttakendum. Þær eru ætlaðar starfandi kennurum á öllum skólastigum og fyrir kennaranema. Þátttakendur fá staðfesta viðurkenningu á endurmenntun frá Starfsþróun Menntavísindastofnunar HÍ. Þátttaka er ókeypis en gert er ráð fyrir virkri þátttöku.

Mikil vakning er í tengslum við fjarnám, vefnám, spjaldtölvur, innleiðingu nýrrar aðalnámskrár svo eitthvað sé nefnt. Fjölmörg áhugaverð þróunarverkefni eru í gangi úti í skólunum sem vert er að fylgjast með. Áhersla verður lögð á tengslamyndun fólks sem er að þreifa sig áfram með nýtingu nýrrar tækni og miðla í skólastarfi.

Meginmarkmið menntabúða er að:

- a) skapa jafningjaumhverfi þar sem miðlun þekkingar og reynslu á sér stað
- b) veita þátttakendum tækifæri til að læra og prófa sig áfram með ýmis áhugaverð viðfangsefni
- c) stuðla að tengslamyndun og samvinnu fólks sem er að þreifa sig áfram með nýtingu nýrrar tækni og miðla í skólastarfi.

Eins og fyrirsögnin gefur til kynna verður aðaláhersla þessara menntabúða MOOC (sjá umfjöllun um MOOC námskeið) og Moodle (sjá umfjöllun um Moodle) en að sjálfsögðu er opið fyrir önnur framlög. Nauðsynlegt er að skrá þátttöku í hvert skipti til að auðvelda utanumhald og skipulagningu. Smelltu á dagsetningarnar hér fyrir ofan til að skrá þig.

Fyrirkomulag:

Þátttakendur eru beðnir að koma með framlag í búðirnar en ekki er ætlast til að allir komi með innlegg. Framlög geta verið margbreytileg, t.d. að segja frá kennsluhugmynd, vefsíðu, forriti, smáforriti, námsskrárvinnu, eða að varpa fram spurningum. Tryggt verður að nóg áhugavert efni verði til reiðu. Þátttakendur eru hvattir til að koma með fartæki (fartölvu, spjaldtölvu, snjallsíma,...) með sér og hægt verður að tengjast neti.

Samstarfsaðilar menntabúða:

UT-torg og Menntamiðja

Fagaðilar og framhaldsnemar í upplýsingatækni og miðlun

Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM)

Menntasmiðja

Múkk og Múður Menntabúðir

MOOC OG MOODLE

Menntabúðir 1 – fréttir


Fyrstu menntabúðir vetrarins voru haldnar í dag. Slagorð dagsins voru „*Trix, tækni og tengslanet*“. Einstaklega var gaman að sjá hversu margir mættu og tóku þátt í þessari velheppnuðu tilraun með okkur.


Svæðinu var skipt upp í 7 stöðvar og voru umfjöllunarefnin af ýmsum toga. Dagskráin gerði ráð fyrir eftirfarandi umfjöllunarefnum: twitter (#menntabudir @ut_torg), Doceri, TouchCast, Turfhunt, Relanpro, PowToon, Vendikennsla, Opið menntaefni, Pinterest, Vefveggspjöld.

Mikið fjör og góðar umræður sköpuðust sem náðu langt út fyrir dagskránnu og var almennt mat þátttakenda að búðirnar hefðu tekist vel. Einnig komu fram tillögur um umfjöllunarefni fyrir næstu menntabúðir sem verða haldnar fimmtudaginn 7. nóvember. Skráning er þegar hafin.

Sólveig Jakobsdóttir og Svava Pétursdóttir fjalla um menntabúðirnar á bloggsíðum sínum. Smelltu á nöfnin þeirra til að lesa færslurnar.

Myndirnar hér fyrir neðan voru teknar á menntabúðunum 31. október 2013.







MIT Open Courseware

MIT háskólinn í Massachusett hefur boðið upp á opin netlög námskeið án endurgjalds í flestum kennslugreinum síðan árið 2001. Vefurinn hefur fengið 125 milljónir heimsóknna og þar er að finna kennslufni 2150 námskeiða.

Með því að hafa námskeiðin opin og aðgengileg fyrir alla veitir það þeim sem hafa áhuga á að mennta sig möguleika, óháð aðstæðum.

Khan Academy

Khan Academy eru góðgerðasamtök með það að markmiði að breyta menntun til hins betra með menntun í heimsklassa án endurgjalds.

Stofna þarf notendaaðgang til að nota vefinn, en þar er að finna fjölmörg kennslumyndskeið og gagnvirk verkefni sem tengjast m.a. upplýsingatækni. Myndskeiðin eru stutt, hnitmiðuð og útskýra vel afmörkuð viðfangsefni.

Vefurinn heldur utan um notkunarupplýsingar og birtir notandanum tölfræðilegt yfirlit. Kennarar hafa aðgang að öllum upplýsingum nemenda sinna.

Coursera

Coursera er fræðslufyrirtæki sem býður upp á netlög námskeið í samvinnu við fremstu háskóla og stofnanir í heimi án endurgjalds. Coursera er einnig námssamfélag sem samanstendur af yfir 4 milljónum notenda. Sýn þeirra er að allir hafi aðgang að fyrsta flokks menntun sem hingað til hefur einungis verið aðgengileg fáum útvöldum. Og að valdefla fólk með menntun til að bæta lífsgæði þess.

Námskeiðin eru fjölbreytt og byggja aðallega á myndskeiðum og

gagnvirkum æfingum. Coursera býður m.a. upp á námskeið tengd viðskiptafræði, læknisfræði, líffræði, upplýsingatækni, stærðfræði og félagsfræði.